

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

134. fundur fræðsluráðs verður haldinn miðvikudaginn, 5.september 2012, kl. 16.00 í fundarsal ráðhússins.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá:

1. Viðræður við skólastjóra grunnskólans á Hvammstanga og Laugarbakka um væntanlegt skólaár. (kl.16.00)
2. Samningur um rekstur skólabúða að Reykjum, endurskoðunarákvæði. (kl. 16.30)
 1. Skólastjóri upplýsti fræðsluráð um að nýtt skipulag á innra starfi skólans er að byrja. Mikið lagt upp úr teymisvinnu, mest á yngsta stigi en einnig á öðrum aldursstigum. Unnið út frá því að hver nemandi fái þá bestu kennslu sem völ er á hverju sinni. Skemmtilegt og gróskumikið starf. Teymi móta starfið og fagleg þekking kennara höfð að leiðarljósi. Allar nýjungar taka á en skólastjóri vill hrósa sérstaklega starfsfólki sínu hvað það er viljugt að leita lausna og koma með hugmyndir. Vinna síðustu ára að markmiðasetja alla vinnu hjálpar mikið til við þessa innleiðingu. Foreldrar geta séð þessar upplýsingar á Mentor og vita því hvar barnið þeirra er statt miðað við markmiðin sem sett eru. Komið er í ljós að fleiri starfsdaga hefði þurft að hausti til að hjálpa til við nýjungarnar og það verður haft í huga við næsta skóladagatal.
 2. Fræðsluráð Húnaþings vestra leggur til við sveitarstjórn að endurskoða 6.gr. samnings um rekstur skólabúða að Reykjum dagsettan 19.maí 2006. Fræðsluráð óskar eftir að fá skýrt hlutverk, með hvaða hætti það hafi faglegt eftirlit og umsjón með starfsemi skólabúðanna og einnig hvaða upplýsingar þeim ber að fá frá rekstraraðila skólabúðanna. Einnig telur fræðsluráð gott að skoða samninginn í heild sinni t.d. að taka tillit til nýrrar aðalnámsskrár grunnskóla.
 3. Sett á dagskrá: Fyrirspurn frá Borghildi H Haraldsdóttur varðandi hvort skóladagar grunnskólabarna á mánudögum og miðvikudögum þegar akstur frá skóla klukkan 16.40, sé of langur lagalega séð. Fræðslu-og félagsmálastjóra falið að koma með svör við fyrirspurninni á næsta fundi.

Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttir, fræðslu-og félagsmálastjóra.

Fulltrúar starfsfólks í grunnskóla Kristín Ólöf Þórarinsdóttir og Laura Ann Howser sátu fundinn undir málefnum grunnskólans.

Fundargerð upplesin og samþykkt
Rakel Runólfsdóttir (sign.),
Gísli G. Magnússon (sign.),
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign.),

Fundi slitið kl: 17.12
Borghildur H Haraldsdóttir(sign.),
Anna Birna Þorsteinsdóttir (sign.),
Sigrún Waage (sign.).